

Alþingi

Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2026
2510555 VR / 20.0/

Efni: Umsögn VR um frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.) (mál 312, 157. Löggjafarþing 2025-2026)

VR leggur ríka áherslu á mikilvægi atvinnuleysistrygginga sem grundvallaröryggiskerfis fyrir launafólk. Réttindin eru ekki sjálfgefin heldur áunnin með þátttöku á vinnumarkaði og veita nauðsynlegt öryggi þegar til atvinnumissis kemur. Þær breytingar sem nú eru boðaðar, um styttingu bótatímabilsins úr 30 mánuðum í 18 mánuði og hert ávinnskilyrði, fela í sér alvarlega skerðingu á réttindum launafólks og munu veikja stöðu þeirra sem standa höllustum fæti á vinnumarkaði. Þeir hópar eru m.a. félagsfólk sem er komið yfir sextugt og félagsfólk af erlendum uppruna.

Fátæklegar greiningar liggja til grundvallar þeim breytingum sem settar eru fram í frumvarpinu, en helsta skýringin virðist vera áform um niðurskurð á útgjöldum ríkisins. VR telur gagnrýniverð að ráðist sé í slíkar breytingar á grundvallarafkomutryggingakerfi vinnumarkaðarins að því er virðist eingöngu í hagræðingarskyni fyrir afkomu ríkissjóðs. Rétt er að minna á að atvinnuleysistryggingar eru fjármagnaðar með tryggingagjaldi og ef stjórnvöld skerða réttindi á grunni þess gjalds þarf að lækka tryggingagjaldið og skila því til launafólks.

Mjög skortir á greiningu á áhrifum þessara breytinga sem og fjármögnun þeirra vinnumarkaðsaðgerða sem rætt er um að grípa eigi til. VR telur því verulega hættu á að hér sé ráðist að einum mikilvægasta öryggisþætti félagsfólks í VR á illa ígrunduðum forsendum og með ófyrirséðum afleiðingum. Hér sé byrjað á röngum enda. Sé ætlunin að bæta þjónustu við fólk í atvinnuleit er kjörið að gera það nú þegar hagkerfið kólnar hratt og atvinnuleysi eykst. Hins vegar er fráleitt að bæta þjónustu með refsistefnu og það er mjög varasamt að draga úr réttindum til atvinnuleysistrygginga á samdráttartímum. Reynslan sýnir að framboð af atvinnu minnkar hratt á samdráttarskeiðum sem ósjaldan standa lengur en 18 mánuði. Áhersla á að koma atvinnuleitenda fljótt aftur í starf er að jafnaði árangursríkasta



úrræðið til virkni. Við ákveðnar aðstæður, t.d. við litla vinnuafleiðingarnar vegna efnahagssamdráttar eða þegar ákveðið misræmi ríkir t.d. vegna hraðra tæknibreytinga, getur hins vegar verið árangursríkara að tryggja aðgengi að fjölbreyttum mennta- og færniúrræðum til að styrkja stöðu einstaklings á vinnumarkaði til lengri tíma. Það er því undarleg forgangsroðun að á sama tíma og hagkerfið kólnar hratt og notkun gervigreindar er þegar farin að breyta vinnumarkaðinum sé ætlunin að stytta bótatímabil atvinnuleysistrygginga, án þess að fyrir liggja áætlun um atvinnu- og virkniúrræði.

VR minnir núverandi stjórnvöld á að samið var fyrst um atvinnuleysistryggingar árið 1955 í kjölfar harðra átaka og einhverra lengstu verkfalla sem verið hafa á vinnumarkaði. Í fyrstu var atvinnuleysistryggingasjóður í höndum verkalýðsfélaganna en síðar tóku stjórnvöld yfir sjóðinn og færðu Vinnumálastofnun sem einnig tók að sér alla umsýslu vegna hans. Þannig voru það aðilar vinnumarkaðarins sem settu kerfið á fót og hafa breytingar á því hingað til verið gerðar í samráði við þá.

VR leggur á það ríka áherslu að lengd bótatímabilsins þarf að skoðast í samhengi við þá þjónustu og þau úrræði sem til staðar eru til að aðstoða einstaklinga til að komast aftur í starf. Slíkar aðgerðir miða m.a. að því að auðvelda atvinnuleit, tryggja góðar ráðningar, efla færni og getu atvinnuleitenda og tryggja virkni þeirra. Í framkomnu frumvarpi skortir alfarið greiningar á því um hvaða aðgerðir er að ræða, áhrif og fjármögnun. Enn fremur þarf að ráðast í nánari greiningu á stöðu þeirra einstaklinga sem munu verða fyrir barðinu á þessum breytingum. Annars vegar þarf að greina vel hópinn sem er atvinnulaus lengur en í 18 mánuði og hins vegar þarf að greina hópinn sem myndi standa uppi réttindalaus vegna lengingar ávinnslutímabilsins. VR vekur athygli á árstíðabundnu atvinnuleysi í ferðaþjónustu, sem þarf að greina nánar. Innan VR er félagsfólk sem vill vera í fullu starfi árið um kring en fær aðeins fullt starf yfir háannatímamann. Þess á milli ýmist missir það vinnuna eða þarf að sætta sig við skert starfshlutfall. Þetta er ábyrgðarhluti af hálfu þeirra fyrirtækja sem um ræðir og hluti þessa hóps nýtir sér réttindi í atvinnuleysistryggingasjóði vegna skerts starfshlutfalls. Ef til atvinnumissis kemur hefur þessu hópur þegar nýtt sér stóran hluta af rétti sínum og getur verið búinn að full nýta rétt sinn ef stytta á bótatímabil eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Mikilvægt er fyrir atvinnuleitendur og vinnumarkað að sá tími sem verið er án atvinnu geti nýst til uppbyggingar. Þetta á við um þekkingu og færni einstaklingsins en einnig viðhald virkni og félagsstengsla sem fólk missir þegar það glatar tengslum við vinnustað sinn. Þegar atvinnuleitanda skortir þekkingu sem spurn er eftir á vinnumarkaði er mikilvægt að gott framboð sé af menntaúrræðum sem eru í takt við þá eftirspurn. Þar er brýnt að opinber vinnumiðlun, menntakerfi og fullorðinsfræðsla tryggi úrræði sem efla stöðu atvinnuleitenda. Menntaúrræði þurfa því að taka mið af samsetningu atvinnulausra, þarfa atvinnulífs og atvinnumála ólíkra landshluta. Þar er þörf á úttekt á þeim úrræðum sem atvinnuleitendum stendur til boða og hvernig árangur þeirra hefur verið. Ljóst er að skortur er á úrræðum fyrir erlenda atvinnuleitendur á öðrum tungumálum en íslensku og áfram þarf að styrkja framboð af íslenskukennslu.

VR áréttar að ráðningavernd á almennum vinnumarkaði á Íslandi er afar lítil í alþjóðlegum samanburði. Á móti hefur launafólk átt rétt á atvinnuleysistryggingum.

Þrátt fyrir að atvinnuleysi fari vaxandi er atvinnuleysi almennt lágt á Íslandi og langtímaatvinnuleysi líka. Því er ástæða til að vara við því að ráðast í illa rökstuddar breytingar á kerfi sem virkar ágætlega.

VR leggur til að frumvarpi þessu verði vísað aftur til ríkisstjórnar til nánari vinnslu og þá í samráði við verkalýðshreyfinguna, líkt og hefð er fyrir þegar um vinnumarkaðstengd réttindi er að ræða. Að þvinga í gegn breytingar á atvinnuleysistryggingum án slíks samráðs skapar hættulegt fordæmi til framtíðar.

VR óskar eftir því að fá að gera frekari grein fyrir afstöðu félagsins á fundi velferðarnefndar Alþingis.

Halla Gunnarsdóttir

Halla Gunnarsdóttir
Formaður VR